

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 385/2002 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi:

Seðlabankinn selur 7 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 7 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega.

2. gr.

2. ml. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Samingstími endurhverfra viðskipta er 7 dagar.

3. gr.

2. ml. 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Þegar svo stendur á kunna einnig að verða boðin til sölu 7 daga innstæðubréf.

4. gr.

1. ml. 5. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Frágangur endurhverfra viðskipta eða sölu 7 daga innstæðubréfa skal fara fram á uppboðsdegi.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júní 2004.

Reykjavík, 19. maí 2004.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson,**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.